

Lög

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 3. másl. 1. mgr. 19. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: ÍLS-veðbréf getur verið verðtryggt með vísitölu neysluverðs, sbr. lög um vísitölu neysluverðs, eða óverðtryggt. Skal það bera vexti skv. 21. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „og verðbóta“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: ef við á.
- b. Í stað 1. másl. 4. mgr. koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Vextir af verðtryggðum ÍLS-veðbréfum skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann en vextir af óverðtryggðum ÍLS-veðbréfum geta verið breytilegir. Íbúðalánasjóður skal setja reglur um vaxtakjör óverðtryggðra lána.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 17. september 2011.

